

Truenorth Ísland ehf.
Róbert Garcia
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



Reykjavík 8. apríl 2015
UST201503-252/A.B.G.
09.06.01

Efni: Umsókn um ljósmyndatöku - Skógarfoss

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi TrueNorth dags. 27.03.2015, vegna fyrirhugaðrar ljósmyndatöku innan friðlýsta svæðisins við Skógarfoss, þann 10. apríl nk.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða ljósmyndatöku við Skógarfoss. Fjöldi starfsmanna sem kemur að verkefninu eru samkvæmt umsókn 60 talsins. Áætlaðir tökustaðir eru uppi þar sem fossinn steypist fram af brún sinni. Einnig eru líkur á því að tekið verði upp niðri við fossinn. Ekki er talin þörf á því að fara út fyrir göngustíga og vegi og engin leikmynd verður sett upp. Ekki er gert ráð fyrir neinu raski á jarðvegi, gróðri eða dýralífi. Fram kemur í umsókn að fyrirtækið mun hafa með sér ferðaklósett.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sbr. auglýsingu um friðlandið, nr. 477/1987. Akstur utan vega og merktra ökuslóða er einnig óheimill. Umhverfisstofnun telur að ljósmyndataka eins og henni er lýst í umsókn fyrirtækisins komi ekki til með að skerða verndargildi hins friðlýsta svæðis.

Skilyrði


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir fyrirhugaðari ljósmyndatöku að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- TrueNorth og starfsfólki sem kemur að ljósmyndatökunni ber að ganga vel um svæðið og fylgja reglum þess í hvívetna. Sjá skal til þess að hvorki jarðvegi né gróðri verði raskað. Göngustígum verði fylgt innan svæðisins.
- Aðrir gestir/ferðamenn svæðisins skulu ekki verða fyrir óþægindum eða truflun vegna kvikmyndatökunnar. Bílastæði þurfa einnig að vera aðgengileg öðrum gestum.
- Ferðaklósett verði staðsett á bílastæði.
- Sérstaklega er áréttað að allur akstur utan vega er bannaður. Búnaður skal því borinn frá bílastæðum að tökustöðum.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með ljósmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 11.200 kr/klst

Virðingarfyllt


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri